



16. nóvember 2021
Tilv.: 2111093

Dreifibréf númer: 65/2021
til fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að reglum um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja samkvæmt CRR reglugerðinni (CRR II).

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) hefur gefið út umræðuskjal nr. 21/2021 sem inniheldur drög að nýjum reglum um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja. Reglurnar verða settar með stoð í b-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um er að ræða reglur sem innleiða framkvæmdarreglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 2021/637 um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi birtingu upplýsinga sem um getur í II. og III. bálk í 8. hluta reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (CRR) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1018 um breytingu á reglugerð (ESB) 2021/637 um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi birtingu vísa sem notaðir eru til að tilgreina kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.

Reglugerðirnar leysa af hólmi reglugerðir (ESB) nr. 1423/2013, nr. 1030/2014, 2015/1555, 2016/200 og 2017/2295 varðandi gagnsæi og birtingu upplýsinga sem innleiddar hafa verið hér á landi, sbr. reglur Seðlabanka Íslands nr. 1085/2021, um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja. Með gildistöku nýrra reglna um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja falla úr gildi framangreindar reglur Seðlabankans.

Reglugerðirnar taka mið af breytingum sem gerðar voru á CRR reglugerðinni með reglugerð (ESB) 2019/876 (CRR II). Í reglugerð (ESB) 2021/637 eru settar fram reglur um ýmsar upplýsingar sem fjármálafyrirtækjum ber að birta og fjallað er um í 8. kafla, II. og III. bálki, í CRR reglugerðinni, m.a. í tengslum við áhættustýringu, áhættuþætti, eiginfjárgrunn, eiginfjárauka, áhættuskuldbindingar, vogunarhlutfall, laust fé, stöðuga fjármögnun, notkun staðalaðferðar, starfskjarastefnu og kerfislegt mikilvægi á alþjóðavísu.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 30. nóvember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabanka Íslands, sbr. nánari

skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit



Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar



Haukur C. Benediktsson
framkvæmdastjóri
fjármálastöðugleiki